

## Svandís Svavarsdóttir

matvælaráðherra

23. mars 2022

Á fundi með yður fyrr í dag kynnti LS hugmynd að lausn á því vandamáli sem upp er komið varðandi strandveiðar sem hefjast eftir rúman mánuð, þann 2. maí.

Landssamband smábátæigenda fer þess á leit við yður að ákvæði sem á við strandveiðar í [reglugerð 1492/2021](#) verði fellt úr gildi.

### Um málefnið

- 11. ágúst 2021 undirritaði sjávarútvegsráðherra [reglugerð](#) um veiðar í atvinnuskyni nr 920. Í 2. gr. var ákvæði um ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða. Til strandveiða skyldu koma 10.000 tonn af þorski 1.000 tonn af ufsa og 100 tonn af karfa.
- Reglugerðin lagði grunninn að skipulagi og áætlunum útgerða strandveiðibáta fyrir árið 2022. Að lágmarki 10 þúsund tonn af þorski. Tryggt að ekki kæmi minna í þeirra hlut, gæti orðið meira eins og dæmi undanfarinna ára hafa sýnt.
- Þann 21. desember var reglugerðinni breytt og viðmiðunin færð niður um 1.500 tonn.
- Breytingin gerði að engu áætlanir einnar starfsgreinar sem skipulagt hafði starfsemi sína útfrá samþykktu reglugerð?
- Ákvörðunin er mikið inngrip í áætlanir og framkvæmdir sem menn höfðu ráðist í á grundvelli útgefinnar reglugerðar þann 11. ágúst, sérstaklega á þeim svæðum þar sem fiskgengd er mest á síðari hluta tímabilsins. Ekki er lengur innistæða fyrir kostnaði sem lagt var í. Það er því komið í bakið á mönnum. Breytti Hafrannsóknastofnun ráðgjöf sinni? Svárið er nei.
- Við hvaða lagaheimild er stuðst þegar ákveðið var að skerða rétt strandveiðimanna með breytingu á reglugerðinni þann 21. desember, rúmum fjórum mánuðum eftir að ákvörðun hafði verið tekin? Eru hagsmunir um leyfilegan heildarafla það miklir að þeir heimili framkvæmdavaldinu slíkt inngrip?

Virðingarfyllt



Arthur Bogason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri